

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1021****2020/EES/16/11****frá 18. júlí 2018**

**um samþykkt nauðsynlegra tækniáætlana og sniða til að starfrækja sjálfvirka þörun í gegnum sameiginlega upplýsingatækniverkvanginn með aðstoð evrópska flokkunarkerfisins og samvirkni milli landsbundinna kerfa og evrópska flokkunarkerfisins. (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) 2016/589 er komið á fót sameiginlegum upplýsingatækniverkvangi til að færa saman lausar stöður, atvinnuumsóknir og ferilskrár (upplýsingasíður um atvinnuleitendur) í Evrópusambandinu.
- 2) Til að gera kleift að para lausar stöður saman við atvinnuumsóknir og upplýsingasíður um atvinnuleitendur verða upplýsingaskipti að fara fram í samræmi við samræmt heildarkerfi, í skilningi 17. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, sem byggir á sameiginlegum tæknistöðlum og sniðum.
- 3) Til að framkvæma megi hágæðapörun milli margra tungumála á sameiginlega upplýsingatækniverkvanginum er kveðið á um notkun evrópsks flokkunarkerfis yfir færni, hæfni og starfsgreinar í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.
- 4) Aðildarríki sem velja að nota ekki evrópska flokkunarkerfið í landsbundnum kerfum sínum fyrir lausar stöður og upplýsingasíðum um atvinnuleitendur, sem tengd eru samræmdu rásinni, í skilningi 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, verða að útbúa vörpun milli flokkunarinnar sem notuð er í þessum kerfum og evrópska flokkunarkerfisins til að samvirkni sé möguleg.
- 5) Vörpun milli landsbundinnar, svæðisbundinnar eða geirabundinnar flokkunar og evrópska flokkunarkerfisins krefst þess að teknar verði saman skrár og töflur til vörpunar og að þær verði uppfærðar reglulega.
- 6) Til að auðvelda það að taka saman og uppfæra slíkar vörpunarskrár og -töflur og síðari upplýsingaskipti byggð á vörpuninni ætti framkvæmdastjórnin að leggja til, sem stuðning, nauðsynlega tækniáætlana og snið, sem og viðeigandi tæknilegan hugbúnað.
- 7) Með því að birta landsbundnar vörpunartöflur sínar og deila þeim með öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni leggja aðildarríkin sitt af mörkum til þróunar og endurbóta á evrópska flokkunarkerfinu og á þjónustu og verkfærum sem EURES-netið leggur til, s.s. reikniritum fyrir leitar- og þörunarvélar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit EURES-nefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.***Efni og gildissvið**

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um nauðsynlega tækniáætlana og snið til að starfrækja sjálfvirka þörun í gegnum sameiginlega upplýsingatækniverkvanginn með aðstoð evrópska flokkunarkerfisins og samvirkni milli landsbundinna kerfa og evrópska flokkunarkerfisins.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 183, 19.7.2018, bls. 20. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 302/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á V. viðauka við EES-samninginn (Frelsi launþega til flutninga) og bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14, 5.3.2020, bls. 52.

<sup>(1)</sup> Stj. 107, 22.4.2016, bls. 1.

## 2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „vörpunartöflur“: tölvulesanlegar samsvörunartöflur sem sýna hvernig hugtök í einu flokkunarkerfi tengjast einu eða fleiri hugtökum í öðru flokkunarkerfi. Vörpunartöflur eru notaðar til sjálfvirkar umkóðunar upplýsinga til að framkvæma megi sjálfvirka pörun í gegnum sameiginlega upplýsingatækniverkvanginn,
- b) „tölvulesanlegt“: upplýsingar eru settar fram á formi sem tölva getur auðveldlega unnið með,
- c) „umkóðun“: umskráningarferli upplýsinga af einu formi kóðunar yfir á annað,
- d) „málskipan“: reglur og fyrirkomulag vegna framsetningar upplýsinga á skipulegan hátt,
- e) „þjónustuverkvangur ESCO-flokkunarkerfisins“: vefsetrið þar sem framkvæmdastjórnin birtir evrópska flokkunarkerfið fyrir færni, hæfni, menntun og hæfi og starfsgreinar, sem er aðgengilegt almenningi <sup>(1)</sup>.

## 3. gr.

**Gerð vörpunartaflna**

1. Aðildarríki sem nota landsbundna, svæðisbundna eða geirabundna flokkun þegar þau skrá upplýsingar sem tengjast starfsgreinum, færni eða hæfni inn í landsbundin kerfi fyrir lausar stöður eða upplýsingasíður um atvinnuleitendur, sem tengd eru samræmdu rásinni, í skilningi 18. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, skulu útbúa og nota tölvulesanlegar vörpunartöflur milli hvernar landsbundinnar, svæðisbundinnar og geirabundinnar flokkunar og evrópska flokkunarkerfisins, sem samþykkt er skv. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, til að gera upplýsingarnar aðgengilegar á EURES-vefgáttinni í samræmi við 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.
2. Aðildarríki skulu útbúa þessar töflur í samræmi við sameiginlega tæknistaðla og snið til að gera kleift að starfrækja sjálfvirka pörun á skilvirkan hátt í gegnum sameiginlega upplýsingatækniverkvanginn, eins og um getur í 6. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.
3. Tæknistaðlarnir og sniðin, sem um getur í 2. mgr., skulu samanstanda af:
  - a) því mengi upplýsinga sem á að koma fram í vörpunartöflunum,
  - b) málskipan til að setja fram þetta mengi upplýsinga.
4. Evrópska samráðsskrifstofan fyrir EURES-netið skal miðla tæknistöðlunum og sniðunum, sem um getur í 2. mgr., og gera þau aðgengileg á gestaneti EURES-vefgáttarinnar <sup>(2)</sup>.
5. Eins og kveðið er á um í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589 skulu framkvæmdastjórnin og evrópska samráðsskrifstofan fyrir EURES-netið veita aðildarríkjunum stuðning við vörpunina. Einkum skal séð fyrir hugbúnaði til að hjálpa til við að taka saman skrár og vörpunartöflur og uppfæra þær.
6. Aðildarríki sem nota evrópska flokkunarkerfið á landsvísu, skv. 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, þurfa ekki að útbúa vörpunartöflur eins og um getur í þessari ákvörðun.
7. Evrópsku samráðsskrifstofunni fyrir EURES-netið er heimilt að uppfæra tæknistaðlana og sniðin samkvæmt verklagsreglunum sem mælt er fyrir um í 6. gr.

## 4. gr.

**Samvirgni við sameiginlega upplýsingatækniverkvanginn tryggð með vörpunartöflum**

Vörpunartöflurnar, sem um getur í 3. gr., skal nota til sjálfvirkar umkóðunar upplýsinga um lausar stöður eða upplýsingasíðna um atvinnuleitendur til að framkvæma megi sjálfvirka pörun í gegnum sameiginlega upplýsingatækniverkvanginn. Aðildarríki skulu tryggja að sérhverjum kóða landsbundinnar, svæðisbundinnar og geirabundinnar flokkunar þeirra í upplýsingum um lausar stöður og á upplýsingasíðum um atvinnuleitendur, skv. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, sé skipt út fyrir eða að til fyllingar við þá komi samsvarandi kóði evrópska flokkunarkerfisins, og nota til þess vörpunartöflurnar til umkóðunar áður en upplýsingarnar eru gerðar aðgengilegar á EURES-vefgáttinni.

<sup>(1)</sup> <http://ec.europa.eu/esco>

<sup>(2)</sup> <http://eures.europa.eu>

5. gr.

#### **Birting vörpunartaflna**

Aðildarríki skulu gera vörpunartöflur sínar aðgengilegar með því að birta þær á þjónustuverkvangi ESCO-flokkunarkerfisins með aðstoð staðlanna og sniðanna sem skilgreind eru í 2. mgr. 3. gr.

6. gr.

#### **Stjórnunarhættir og uppfærsla tæknistaðla og sniða**

1. Öll aðildarríki skulu tilnefna sameiginlegan tengilið, sem hægt er að beina til öllum beiðnum, fyrirspurnum og tilkynningum varðandi beitingu þessarar ákvörðunar, og senda upplýsingar um hann til evrópsku samráðsskrifstofunnar fyrir EURES-netið í gegnum landsbundnar samræmingarskrifstofur sínar fyrir EURES-netið.
2. Samræmingarhópurinn fyrir EURES-netið, sem um getur í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, skal endurskoða beitingu þessarar ákvörðunar einu sinni á ári.
3. Evrópska samráðsskrifstofan fyrir EURES-netið getur uppfært tæknistaðlana og sniðin, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., ef það er nauðsynlegt til að sjálfvirk pörun í gegnum sameiginlega upplýsingatækniverkvanginn verði skilvirk.
4. Áður en ný útgáfa tæknistaðla og sniða er samþykkt og gerð aðgengileg á gestaneti EURES-vefgáttarinnar skal evrópska samráðsskrifstofan fyrir EURES-netið hafa formlegt samráð við samræmingarhópinn fyrir EURES-netið.

7. gr.

#### **Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 18. júlí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---